

16. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til að gefa honum endurrit af melrakkabókinni þegar hann krefst þess.

63
7. júní

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum 10—200 krónum, sem renni í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, og skal fara með málin, sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með reglugjörð þessari er numinn úr gildi 13. kafli reglugjörðar Eyjafjarðarsýslu frá 14. júní 1910 um fjallgöngur, fjárskil og melrakkaveiðar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 7. júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Auglýsing

64
10. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á reglum um mjólkursölu á Ísafirði.

Samkvæmt lögum nr. 32, 22. nóvember 1918 um mjólkursölu á Ísafirði, eru hjermeð staðfestar eftirritaðar reglur um mjólkursölu á Ísafirði, er bæjarstjórnin þar hefur samþykkt:

Reglur um mjólkursölu á Ísafirði.

1. gr.

Mjólk má eigi selja í bænum nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Þó mega eigendur mjólkurgripa, sem búsettir eru í Eyrarlandi og fóðra þá þar, selja mjólk sína á heimilum sínum meðan heilbrigðisnefnd leggur eigi bann fyrir.

64

10. júní

Mjólkursalar eru háðir eftirliti heilbrigðisnefndar; setur hún nánari reglur um meðferð mjólkurinnar og getur fyrirvaralaust svipt þá mjólkursöluheimild, er ástæða þykir til. Nefndin getur lagt bann við sölu á mjólk, sem hún telur vera svikna eða óhreina.

2. gr.

3. gr.

Þegar heilbrigðisnefnd telur mjólkurskort í bænum og birtir það með auglýsingu; getur hún gefið heimilum eða einstökum mönnum ávísun á mjólk hjá mjólkursölum eða mjólkurgripaeigendum bæjarins og hafa þeir þá forgangsrjett til mjólkurinnar, þá má og banna bæjarbúum, öðrum en mjólkursölum, að afla sjer mjólkur úr gripum utan Eyrarlands.

Sömuleiðis getur nefndin bannað að selja mjólk til neyzlu á mjólkursölustöðum eða veitingahúsum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, alt að 1000 kr. og renna þær í bæjarsjóð.

5. gr.

Mál út af brotum gegn reglum þessum sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

Reglur þessar öðlast gildi 15. ágúst 1921.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. júní 1921.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.